

Reglur um notkun  
norræna  
umhverfismerkisins  
Svansins

Norræna umhverfismerkið  
9.mars 2016

9.mars 2016

Í nóvember árið 1989 gaf Norðurlandaráð út tilskipun um stofnun valfrjáls opinbers umhverfismerkis, norræna umhverfismerkisins, sem nefnist öðru nafni Svanurinn. Neðangreindar stofnanirsjá um rekstur norræna umhverfismerkisins í umboði stjórnvalda í hverju landi.

Fyrir nánari upplýsingar, leitið vinsamlega til eftirtalinnna vefsíðna:

**Nordic Ecolabelling:**

[www.nordic-ecolabel.org](http://www.nordic-ecolabel.org)

**Danmörk:**

Miljømærkning Danmark  
Fonden Dansk Standard  
Göteborg Plads 1  
DK-2150 NORDHAVN  
Tel: +45 72 300 450  
[www.ecolabel.dk](http://www.ecolabel.dk)  
[info@ecolabel.dk](mailto:info@ecolabel.dk)

**Finnland:**

Miljömärkning Finland  
Box 489  
FI-00101 HELSINGFORS  
Tel: +358 9 6122 5000  
[www.ecolabel.fi](http://www.ecolabel.fi)  
[joutsen@ecolabel.fi](mailto:joutsen@ecolabel.fi)

**Ísland:**

Norræn umhverfismerking á Íslandi  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
IS-108 REYKJAVÍK  
Tel: +354 591 20 00  
[www.svanurinn.is](http://www.svanurinn.is)  
[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

**Noregur:**

Miljømerking  
Henrik Ibsens gate 20  
NO-0255 OSLO  
Tel: +47 24 14 46 00  
[www.ecolabel.no](http://www.ecolabel.no)  
[info@ecolabel.no](mailto:info@ecolabel.no)

**Svíþjóð:**

Miljömärkning Sverige AB  
Box 38114  
SE-110 64 STOCKHOLM  
Tel: +46 8 55 55 24 00  
[www.ecolabel.se](http://www.ecolabel.se)  
[info@ecolabel.se](mailto:info@ecolabel.se)



# Reglur um notkun norræna umhverfismerkisins Svansins

## 1. Leyfisnúmer

Hvert og eitt umhverfismerkisleyfi fær átta stafa leyfisnúmer. Númerið skal sýnt með merkinu þegar það er notað á vöru. Ekki er skylt að nota leyfisnúmerið í auglýsingu og markaðsefni ef hægt er að auðkenna vöruna nægilega án þess.

## 2. Vöruflokkaheiti og upplýsingatextar

Sérstakar reglur sem kveða á um notkun merkisins kunna að vera tilgreindar í viðkomandi viðmiðaskjali, til dæmis ákvæði um að heiti vöruflokks eða annar texti skuli ávallt fylgja merkinu. Leyfishafinn getur ávallt tilgreint vöruflokkinn fyrir neðan merkið til að undirstrika gildissvið umhverfismerkisins.

## 3. Staðsetning

Merkið verður að vera staðsett þar sem enginn vafi leikur á tilvísun þess. Merkið ætti að vera nægilega stórt og á sýnilegum stað til að tryggja að neytandinn geti séð að varan sé umhverfismerkt þegar hann verslar.

Hönnun norræna umhverfismerkisins er svona:



Nafn vöruflokks eða  
texti samkvæmt viðmiðaskjali

Textinn „UMHVERFISMERKI“ eða sambærilegur texti á öðru tungumáli fylgir sveigðri útlínunni efst í merkinu. Ef leyfishafi velur að nota mörg samþykkt tungumál ætti textinn að vera í kringum merkið.

Textinn „UMHVERFISMERKI“ er prentaður í hástöfum með Helvetica-leturgerð, regular, semibold. Bil og leturstærð þarf að vera í samræmi við stærð merkis.

Leyfisnúmer er sett fyrir neðan merkið.

9.mars 2016

Nafn vöruflokks, eða hugsanlegur upplýsingatexti sem búið er að skilgreina í viðeigandi viðmiðaskjali, verður að vera í samræmi við stærð merkis og fyrir neðan það. Leturgerð *face Helvetica* eða *Arial, regular, semibold*.

Umhverfismerkið verður að vera nógu stórt svo að orðin „UMHVERFISMERKI“, leyfisnúmerið og þar sem við á, nafn vöruflokks er auðlæsilegt (minnst 6 pt). Minna umhverfismerki er einnig leyft ef heitið „UMHVERFISMERKI“ „nafn vöruflokks“ og leyfisnúmerið er ritað með leyfilegri stærð við hlið merkis, sjá dæmi hér að neðan:

Dæmi:  Umhverfismerkt prentþjónusta, 1234 5678

#### „NORRÆNA UMHVERFISMERKIÐ“ á ýmsum tungumálum:

Danska:	NORDISK MILJØMÆRKNING
Finnska:	YMPÄRISTÖMERKKI - MILJÖMÄRKIT
Íslenska:	UMHVERFISMERKI
Norska:	MILJØMERKET
Sænska:	MILJÖMÄRKIT
Enska:	NORDIC ECOLABEL
Franska:	ECOLABEL NORDIQUE
Hollenska:	HET SCANDINAVISCH MILIEUKEUR
Ítalska:	ETICHETTA ECOLOGICA NORDICA
Spænska:	MARCADO AMBIENTAL NORDICO
Þýska:	NORDISCHES UMWELTZEICHEN
Pólska:	SKANDYNAWSKI ZNAK EKOLOGICZNY
Rússneska:	ZNAK EKOLOGITSHESKOI SERTIFIKATSII SEVERNYX STRAN
Eistneska:	POHJAMAANNE ÖKOMÄRGIS
Litháíska:	SIAURES SALIU EKO-ZENKLAS
Lettneska:	ZIEMELU EKOZIME

#### 4. Litir

Norræna umhverfismerkið er grænt og hvítt. Græni liturinn er:

- PMS 347C
- CMYK 100 00 90 00
- RGB 0 154 68
- HTML #009a44

Ef græni liturinn er ekki notaður má prenta merkið í svarthvítu (mest 50% raster).

Merkið má prenta með svörtu eða grænu á ljósan eða óbleiktan flöt þar sem kennimerki norræna umhverfismerkisins fær sama lit og bakgrunnurinn.

9.mars 2016

Textinn í merkinu verður að vera svartur eða grænn eða hvítur ef hann er á dökkum fleti.

Frávik frá tilgreindrum litum má aðeins gera í sérstökum tilfellum að fengnu leyfi frá þeirri stofnun sem sér um rekstur umhverfismerkisins í viðkomandi landi. Prentuð frumrit fyrir ýmsa miðla fást gjaldfrjálst hjá viðkomandi stofnun og hægt er að hlaða efninu niður af vefsíðum þeirra.

## **5. Yfirfarin hráefni í Svansmerktar vörur**

Hráefni sem uppfyllir viðmiðunarreglur og er samþykkt af Svaninum til notkunar í vottuðum vörum en er ekki Svansmerkt sjálft, hefur ekki rétt til að nota norræna umhverfismerkið Svaninn.

Vöruna má s.s. ekki markaðssetja sem Svansmerkta. Ekki er heldur leyfilegt að nota merkið eða orðið „Svansmerkt“ í beinu sambandi eða samhengi við vöruna. Framleiðandinn eða birgjinn hefur þó leyfir til að upplýsa viðskiptavini sína (t.d. í vörulistum) um að varan sé í samræmi við viðmiðunarreglur norræna umhverfismerkisins.

## **6. Breytingar á reglum þessum**

Norræna umhverfismerkið áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum. Allir leyfishafar og skráðir aðilar verða látnir vita skriflega af slíkum breytingum.